



Alþingi  
Erindi nr. P 132/2044  
komudagur

Menntamálanefnd  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 2. maí 2006  
Tilvísun: 2006040017

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 688. mál, heildarlög**

Þjóðminjasafni Íslands barst til umsagnar frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands, 688. mál, heildarlög. Óskað var eftir því að umsögn bærist eigi síðar en 2. maí 2006 til Nefndasviðs Alþingis. Gerðar eru athugasemdir við 3. og 5. gr. sérstaklega.

3. gr.

Almennt álitur undirrituð að hlutverk Náttúruminjasafns Íslands skuli vera sambærilegt og hinna höfuðsafnanna tveggja, Þjóðminjasafns Íslands og Listasafns Íslands, hvað varðar hlutverk á sviði varðveislu, skráningar, rannsókna og miðlunar. Því eru gerðar athugasemdir við 3. gr. þar sem segir að Náttúrufræðistofnun annist að verulegu leyti rannsóknarskyldur Náttúruminjasafns. Að mati undirritaðrar er afar mikilvægt að starfsemi höfuðsafns á sviði náttúruminja sinni og byggi starf sitt á vönduðu rannsóknarstarfi. Auk þess telur undirrituð eðlilegt að Náttúruminjasafn Íslands beri ábyrgð á varðveislu- og skráningarhlutverki vísindasafns Náttúrufræðistofnunar og taki við því til varðveislu og skráningar. Tryggt verði aðgengi sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar til hvers kyns vísindastarfs. Í stuttu máli verður að tryggja með löggjöfinni að hlutverk nýs Náttúruminjasafns Íslands standist alþjóðleg lög um hlutverk safna.


Lagt er til að umrædd grein verði umorðuð enda mikilvægt að aðgreina hlutverk stofnananna þótt sjá megi fyrir sér samstarf um ákveðna þætti, ákvæði um aðgengi og svo framvegis.

5. gr.

Lagt er til að skýrar verði kveðið á um menntunarkröfur, sem eðlilegt er að verði sambærilegar og gerðar eru til forstöðumanns Náttúruminjasafns Íslands og hinna höfuðsafnanna, þ.e. að gerð verði krafa um framhaldsmenntun á háskólastigi. Lagt er til að fellt verði út: „eða staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins.“

Undirrituð lýsir sig reiðubúna til frekara samráðs verði þess óskað.

Með vinsemi og virðingu

  
Margrét Halgrímsdóttir  
Þjóðminjavörður